

S. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 9 júlí 1909, um almennan ellistyrk.

(Lagt fyrir Alþingi 1917).

1. gr.

2. málsgrein 1. greinar laga nr. 17, 9 júlí 1909, um almennan ellistyrk, orðast þannig.

Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr landsjóði, 1 krónu fyrir hvern mann gjaldskyldan.

2. gr.

3. gr. sömu laga orðast svo:

Hver gjaldskyldur karlmaður greiðir í sjóðinn 2 krónur á ári, en kvenmaður 1 krónu.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Hið upphaflega frumvarp til laganna frá 1909, um almennan ellistyrk, var lagt fyrir Alþingi 1907 af landstjórninni. Var í því gjaldið úr landsjóði ákveðið 50 aurar, en hver gjaldskyldur karlmaður skyldi greiða 2 kr. og kvenmaður 1 kr.

Frumvarpið var samþykkt við þriðju umræðu í neðri deild, en var ekki útrætt í efri deild það ár. Ákvæði þessi um gjaldið bæði úr landsjóði og frá gjaldendum hjeldust óbreytt í meðferð þingsins þá. Landstjórnin lagði svo frumvarpið aftur fyrir þingið árið 1909, og var frumvarpið þá samþykkt, en breytt ákvæðunum um gjaldið, þannig að hver karlmaður geldur 1 kr. 50 a., en hver kvenmaður 75 a. Landsjóðstillagið hjelst óbreytt. Þinginu þótti þá viðsárvert að hækka gjaldið meira. Áður hafði gjaldi verið til styrktarsjóða handa alþýðufólki 1 kr. fyrir karlmann og 30a. fyrir kvenmann, en ekkert tillag úr landsjóði.

Vegna hækkunar á verkkaupi yfirleitt virðist nú ekki varhugavert að setja gjaldið 2 kr. fyrir karlmann og 1 kr. fyrir kvenmann. Þá þykir og rjett að hækka tillagið úr landsjóði, og mun varla verða talið eftir, þótt landsjóðstillagið sje hækkað nokkru riflegar en hitt gjaldið. Eftir því sem um gjöld er að ræða, virðist mega telja gjöldin til hinna almennu ellistyrktarsjóða vinsæl, og er alment viðurkennt að nauðsyn sje á að slíkir sjóðir geti eflst sem fljótast og mest, og gert sem mest gagn.

Eftir skýrslum frá hagstofunni er hagur ellistyrktarsjóðanna þannig í árslok 1915:

Til hagstofunnar eru komnar skýrslur um ellistyrktarsjóðina alla, nema úr Norðurþingeyjarsýslu. Til þess að fá útkomuna fyrir alt landið eru því hjer teknar tölurnar fyrir 1914 úr Norðurþingeyjarsýslu. Samkvæmt því er skýrslan um alla ellistyrktarsjóðina í heild fyrir 1915 í sljettum tölum þessi:

Eign sjóðanna í ársbyrjun	294400 kr.
Vextir fyrir árið á undan	12700 —
Lausamennskugjald	900 —
Styrktarsjóðsgjald	44600 —
Landsjóðstillag... ..	20100 —
Aðrar tekjur	2600 —
Styrkur veittur... ..	44200 —
Innheimtulaun... ..	900 —
Önnur gjöld	3200 —

Eign í árslok:

í Söfnunarsjóði	324400 kr.
há reikningshöldurum	2600 —
	<u>327000 —</u>

Í árslok 1917 mun mega gera ráð fyrir, að eign sjóðanna muni verða orðin um 390000 kr. Samkvæmt skýrslunum 1915 hefir tala gjaldenda verið 20100 karlmenn og 20700 kvenmenn. Gjaldið, sem innheimt hefir verið, svarar þó ekki fyllilega til þessara talna, er heldur lægra.

Ef þessar tölur eru lagðar til grundvallar, verður styrktarsjóðsgjaldið:

20100 karlmenn $\frac{1}{50}$	30150 kr.
20700 kvenmenn $\frac{9}{16}$	15525 —
	<u>45675 kr.</u>

Við höfuðstólinn legst þá

$\frac{1}{3}$ af styrktarsjóðsgjaldinu	15125 kr.
$\frac{1}{3}$ landsjóðstillag (50 a. á mann)... ..	10200 —
$\frac{1}{3}$ vextir (2% af 390000 kr.)... ..	7800 —
Samtals ...	<u>33125 kr.</u>

Þar frá innheimtulaun (2% af 45000 kr.)
 900 — |

Eftir ...
 32225 kr. |

Með þessari viðbót á hverju ári verða sjóðirnir með hálfum vöxtum og vaxtavöxtum.

eftir 10 ár	352900 kr. + 390000 kr. =	742900 kr.
eftir 20 ár	783100 — + 390000 — =	1173100 —
eftir 30 ár	1306700 — + 390000 — =	1696700 —
eftir 40 ár	1946400 — + 390000 — =	2336400 —
eftir 50 ár	2726200 — + 390000 — =	3116200 —

Ef framangreind tala karla og kvenna er lögð til grundvallar, og landsjóðstillagið er 1 kr., þá verður vöxtur sjóðanna þannig:

Gjald frá 20100 karlmönnum $\frac{2}{100}$	40200 kr.
Gjald frá 20700 kvenmönnum $\frac{1}{100}$	20700 —
Samtals ...	<u>60900 kr.</u>

Við sjóðinn legst þá á hverju ári

$\frac{1}{3}$ af styrktarsjóðsgjaldinu	20300 kr.
$\frac{1}{3}$ landsjóðsstyrkur	20400 —
$\frac{1}{3}$ vextir (2% af 390000 kr.)... ..	7800 —
Samtals ...	<u>48500 kr.</u>

Þar frá innheimtulaun (2% af 60000 kr.)
 1200 — |

Eftir ...
 47300 kr. |

Með þessari viðbót á ári verða þá sjóðirnir með hálfum vöxtum og vaxtavöxum:

eftir 10 ár 517900 kr. + 390000 kr. = 907900 kr.

eftir 20 ár 1149400 — + 390000 — = 1539400 —

eftir 30 ár 1918000 — + 390000 — = 2308000 —

eftir 40 ár 2856900 — + 390000 — = 3246900 —

eftir 50 ár 4001600 — + 390000 — = 4391600 —

Í raun og veru má búast við að sjóðirnir vaxi nokkru órara, því að gera má ráð fyrir að gjaldendum fjölgi, og þá hækkar bæði þriðjungurinn af styrktarsjóðsgjaldinu og helmingurinn af landsjóðstillaginu, sem lagt er við höfuðstól.